Auglýsing.

132
3. des.

Hinn 30. f. m. hefir Hans Hátign konungurinn staðfest bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 31, 13. des. 1895, um skrásetning skipa, er meðal annars skylda öll íslensk skip til að nota hinn íslenska ríkisfána sem þjóðernismerki í innan- og utanlandssiglingum frá 1. þ. m., þó þannig, að atvinnu- og samgöngumálaráðherrann hefir heimild til að veita undanþágu í þessu efni, þar sem íslensk skip gætu annars orðið fyrir töfum og óþægindum í útlendum höfnum meðan eigi er orðið hvervetna kunnugt um hinn nýja ríkisfána og skipin hafa eigi fengið íslensk þjóðernis- og skrásetningarskírteini.

Samkvæmt nefndri heimild er því svo ákveðið hjermeð, að íslensk skip megi til 31. mars 1919 nota hinn danska ríkisfána eins og verið hefir, í siglingum utan landhelgi, en fyrir þann tíma skulu öll íslensk skip hafa skilað aftur þeim þjóðernis- og skrásetningarskírteinum, sem þau nú hafa og fengið hjá stjórnarráðinu ný íslensk skírteini, og mun verða sjeð um, að þau fáist eins fljótt og tök eru á, en skip sem ætla að vera í utanlandssiglingum geta ekki fengið skifti á skírteinum fyr en í lok janúarmánaðar næstkomandi.

Þess er óskað, að skip dragi ekki lengur en nauðsyn er á, að skifta um skírteini og fána og til að flýta fyrir slíkum skiftum, eru skipstjórar á skipum, sem ekki geta skift um skírteini í Reykjavík, beðnir að snúa sjer til lögreglustjóra þar sem þeim er hentast og fá hann til að taka og staðfesta eftirrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteini skips síns og senda það eftirrit hingað, svo að nýtt skírteini verði gefið út samkvæmt því. Hið nýja skírteini verður svo um hæl sent hjeðan þeim lögreglustjóra, sem skipstjóri óskar og hann beðinn að afhenda skipstjóra það gegn hinu danska skírteini, sem síðan ber að senda stjórnarráðinu.

Þær frekari reglur, sem nauðsynlegar kunna að vera í þessu efni, munu verða auglýstar síðar.

Þetta birtist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 3. desember 1918.

Sigurður Jónsson.

Magnús Guðmundsson.